

Hvalasafnið á Húsavík

Söfnunar- og sýningarstefna

Leiðarljós

Hvalasafnið á Húsavík er sjálfseignarstofnun sem ætlað er að veita fræðslu um hvali, vistkerfi hafsins og lífríki sjávar, einkum við strendur Íslands. Safninu er einnig ætlað að fjalla um sambúð og samskipti manna og hvala s.s. hvalveiðar, hvalaskoðun og hvalreka. Með rannsóknum, söfnun gagna og fræðslu stuðlar safnið að aukinni vitneskju og vitund almennings um hvali og umhverfi þeirra.

Hlutverk safnsins.

Samkvæmt stofnskrá Hvalamiðstöðvarinnar ses, sem rekur Hvalasafnið á Húsavík á safnið að gegna lykilhlutverki í fræðslu og upplýsingamiðlun um hvali og lífríki þeirra hér við land ásamt því að veita almennar upplýsingar um málefni er varða hvali og samskipti manna og hvala, s.s. sögu hvalveiða og hvalaskoðunar. Hvalasafninu er einnig ætlað að safna upplýsingum, sögum, gögnum og gripum sem tengjast makmiðum safnsins ásamt því að stuðla að rannsóknum á hvölum án þess að skaða þá. Þá er safninu ætlað að verka og varðveita beinagrindur af hvölum sem festast í veiðarfærum eða stranda við Ísland eftir því sem ástæða þykir til eða aðstæður leyfa. Safnið skal einnig leitast við að miðla almennri fræðslu um lífríki sjávar og umgengni við náttúruna.

Með fræðslu og þekkingaröflun um hvali og lífríki þeirra eykur Hvalasafnið á fræðslugildi hvalaskoðunarferða sem farnar eru frá Húsavík og víðar.

Umfang safngripasafns.

Hvalasafnið á Húsavík er eina fræðslusafn sinnar tegundar á Íslandi. Söfnunarsvæði er landið allt og miðin. Lögð er áhersla á að safna munum og fræðsluefni, jafnt um náttúruvísindi sem sögu, er tengjast áherslum safnsins í fræðslu og upplýsingamiðlun. Auk beinagrinda og annarra hluta hvala er lögð áhersla á að safna munum sem varpa ljósi á samskipti og samspil manna og hvala í sögulegu samhengi s.s. hvalveiðar, hvalaskoðun og hvalreka.

Aðferðir við söfnun.

Hvalasafnið á Húsavík aflar safngripa með:

Samstarfi við önnur söfn s.s. minjasöfn, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands og hefur muni frá þeim í sýningu sinni.

Samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands og Hafrannsóknarstofnunina einkum varðandi hvali sem strandað hafa eða rekið við Ísland. Nokkuð af hvalbeinum og beinagrindum á safninu er fengið frá þessum aðilum.

Kaupum á munum og beinagrindum. Safnið hefur keypt beinagrindur rekinna hvala af landeigendum, flutt þær til Húsavíkur, verkað og sett upp, við þá vinnu hefur safnið notið aðstoðar og sérfræðiþekkingar frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Endurgerð hluta og líkón. Í þeim tilfellum þar sem *endurgerðir hlutir* eða *líkón* auka á fræðslugildi sýningar hefur Hvalasafnið aflað sér slíkra muna og í sumum tilfellum látið sérsníða þá.

Gjöfum. Hvalasafnið tekur á móti safngripum að gjöf falli þeir að hlutverki safnsins.

Markvissri leit að munum. Þegar unnið er að nýjum hluta sýningarinnar eða endurgerð hluta sýningar leita starfsmenn safnsins markvisst að upplýsingum og munum til að auka gildi sýningarinnar, oft í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og Hafrannsóknastofnunina.

Uppgreftri. Í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og Þjóðminjasafn Íslands stóð Hvalasafnið fyrir uppgreftri á hvalbeinum í Keflavík í Fjörðum.

Forstöðumaður og sýningarstjóri taka ákvörðun um öflun almennra safngripa og uppsetningu innan ramma fjárhags- og starfsáætlunar safnsins. Sé um meiriháttar fjárfestingu að ræða er öflun safngripa borin undir stjórn.

Móttaka og skráning.

Nýir munir sem berast safninu eru skráðir. Í skráningu kemur fram tegund hlutar, hvenær hann barst safninu, hvaðan hann kom og hvernig hans var aflað. Sé hlutur ekki í eigu safnsins er þess getið í skráningu. Allir safngripir ásamt lýsingu á þeim og staðsetningu í safninu eru skráðir á tölvutækuformi (excel skráning). Náttúrufræðistofnun Íslands hefur tekið sýni af öllum hvalbeinargrindum á safninu til varðveislu í rannsóknasafni stofnunarinnar.

Forvarsla og varðveisla.

Sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar Íslands eru ráðgefandi um forvörslu safnmuna og varðveisluskilyrði.

Grisjun

Áhersla er lögð á að varðveita og halda til haga munum sem eru einstakir og hafa ótvírætt gildi á sviði náttúruvísinda eða sagnfræði. Grisjun á safnmunum og færsla úr safnaeign er unnin með ráðgjöf frá Náttúrufræðistofnun Íslands og önnur söfn eftir eðli muna og í samræmi við siðareglur ICOM s.b.r. grein 2.16.

Sýning Hvalasafnsins á Húsavík

Markmið með sýningu Hvalasafnsins á Húsavík er að veita alhliða fræðslu um hvali, lífríki þeirra við Ísland og varpa ljósi á samskipti hvala og manna.

Safninu er ætlað að þjóna almenningi, jafnt Íslendingum sem erlendum gestum. Sérstök áhersla er á að þjóna nemendum á öllum skólastigum, frá leikskóla til háskóla, með viðeigandi leiðsögn, fræðsluefni og aðgangi að rannsóknaraðstöðu, gagnabanka og ítarefni eftir því sem við á.

Við mat á sýningunni er stuðst við athugasemdir gesta í gestabók og samtöl við gesti, einnig eru reglubundið gerðar skriflegar kannanir meðal gesta um viðhorf þeirra til sýningarinnar, óskir þeirra og væntingar. Umfjöllun fjölmiðla og áhugi þeirra á sýningunni sem og umfjöllun í ferðabókum nýtist starfsmönnum vel við mat á sýningunni og þróun hennar.

Haldin er skrá yfir alla gesti safnsins eftir þjóðernum.

Fræðsla og leiðsögn

Fræðslu- og upplýsingatextar á safninu eru settir fram á íslensku, ensku og þýsku. Auk þess standa gestum til boða leiðsagnarbæklingar á fleiri tungumálum. Áhersla er lögð á einfalda og skýra framsetningu og vandaða heimildavinnu. Staðreyndir eru settar í auðskiljanlegt samhengi (t.d. einn steypireyður vegur jafn mikið og 1.700 manns) til að styrkja framsetningu þeirra og auka forvitni og áhuga gesta. Lögð er áhersla á að á safninu sé að finna upplýsingar sem hafa gildi fyrir almenning en standast um leið skoðun sérfróðra aðila. Myndræn framsetning og munir eru notaðir til að auka

fræðslugildi sýningarinnar og upplifun af henni. Þar sem því verður við komið er notuð stoðtækn s.s. dvd myndir, gangvirkir leikir og munir sem leyfilegt er að handleika, hljóðgjafar og lifandi efni.

Við komu á safnið er gestum bent á hvar best er að hefja skoðun og lögð er áhersla á að fara frá hinu almenna til hins sértæka. Frá grundvallarupplýsingum um lífríki hafsins, vistkerfi og hvaldýr til nánari upplýsinga um einstakar tegundir hvala eða einstaka efnisþætti svo sem hvalveiðar, hvalaskoðun, hvalreka og náttúrursögu.

Líffræði og líkamsbygging hvala er skýrð á aðgengilegan og sjónrænan hátt með beinagrindum, endurgerðum hvölum, hlutum og heilum dýrum í formalíni (hnýsa og kálfur) og skýringarmyndum.

Safnið býður upp á leiðsögn fyrir einstaklinga og hópa, leiðsögn er alla jafna hægt að fá á íslensku, ensku og þýsku. Fleiri tungumál geta verið í boði þar sem hluti starfsmanna er jafnan sjálfboðaliðar frá ýmsum þjóðlöndum. Leiðsagnarbæklingar eru í boði á nokkrum tungumálum.

Aðgengi að safninu fyrir fatlaða og þá sem bundnir eru í hjólastólum telst viðunandi. Aðgengi að fyrstu hæð sem hýsir aðla sýningarrými safnsins er frá malbikaðri aðkomubraut. Snyrtingar eru á fyrstu hæð aðgengilegar fyrir fatlaða en ekki með sér útbúnaði. Lagfæra þarf neyðarútgang á annarri hæð þannig að hann nýtist jafnframt sem aðkomuleið fyrir hjólastóla að þeim hluta sýningarinnar sem er á annarri hæð og fyrirlestrasal safnsins.

Í samvinnu við hvalaskoðunarfyrirtækið Norðursiglingu og Rannsóknar- og fræðasetur Háskóla Íslands á Húsavík stendur Hvalasafnið fyrir rannsóknum á Hvölum á Skjálfanda. Rannsóknir hafa staðið yfir frá árinu 2001 og hefur gögnum verið safnað með markvissum hætti. Safnið starfar í samvinnu við íslenska og erlenda háskóla um rannsóknir og fræðastörf.

Meistaraneimar í sjávarspendýrafræðum hafa gefið út lokaritgerðir sínar sem byggðar eru á vinnu við safnið og gagnabakna safnsins.

Safnið á vísi að safni fræðigreina og bóka um hvali og er ætlunin að efla það safn og auðvelda þar með almenningi og fræðimönnum aðgang að efni um hvaldýr og lífríki sjávar.

Útgáfa.

Hvalasafnið gefur reglulega út kynningarbækling um safnið á þremur tungumálum. Safnið heldur úti heimasíðunni www.whalemuseum.is heimasíðan er á ensku en vinnsla á íslensku er hafin.

Fyrirverandi forstöðumaður safnsins og frumkvöðull að stofnun þess, Ásbjörn Björgvinsson, gaf út fræðslubók um hvali, hvalaskoðun og sögu hvalveiða í samvinnu við safnið.

Viðurkenningar

Árið 2000 veitti Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna safninu verðlaunin UNEP Global 500 Award.

Árið 2008 veitti Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga safninu Hvatningarverðlaun sem viðurkenningu fyrir árangursríkt frumkvöðlastarf.

Söfnunar- og sýningarstefna Hvalasafnsins á Húsavík var endurskoðuð í október 2008, endurskoðuð útgáfa staðfest af stjórn á fundi 3. desember 2008.